



# Háskóli Íslands. Álitsgerð um ritgerð herra Sigfúsar M. Johnsens „Vestmannaeyjar“ 1939

---

Bjarni Benediktsson – Háskóli Íslands. Álitsgerð um ritgerð herra Sigfúsar M. Johnsens  
„Vestmannaeyjar“ 1939

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-6, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 14. júní 1939.

Við undirritaðir, sem háttvirt heimspekisdeild hefur falið að dæma um ritgerð herra Sigfúsar M. Johnsens, "Vestmannaeyjar", höfum komið okkur saman um það álit, sem hér fer á eftir:

Þó að höfundur rits þessa, sem heita mætti Safn til sögu Vestmannaeyja, hafi dregið saman mjög mikinn fróðleik um sögu eyjanna bæði fyr og síðar og kynnt sér margar heimildir, bæði prentaðar og óprentaðar, þá eru þó slíkir gallar á þessu verki hans, að vér getum eigi lagt til, að það verði tekið gilt sem doktorsritgerð. Niðurröðun efnis er að ýmsu leyti ábótavant, óskyldu efni oft blandað saman í sama þætti, tilvísanir sumstaðar ónákvæmar, og notast því höfundur miklu síður en skyldi að fróðleik sínum. Þá verður og þess að geta, að stafsetning og málfar er víða óvandað og ytri frágangur ritgerðarinnar yfir höfuð slíkur, að ekki er við unandi um doktorsritgerð.

Bjarni Benediktsson

Til

heimspekisdeildar.